



Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 20. desember 2016

Efni: Ályktun stjórnar SASS vegna frumvarps til laga um fjárlög ríkisins 2017

Stjórn SASS hvetur þingmenn til að tryggt verði við afgreiðslu fjárlaga að nægjanlegt fjármagn fái til að standa undir rekstri grunnþjónustu á Suðurlandi vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Af því tilefni er sérstaklega bent á heilbrigðis- og velferðarþjónustu, löggæslu og samgöngur.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum til ART verkefnisins sem kostar á ársgrundvelli 30 m.kr. Stjórn SASS telur nauðsynlegt að úr þessu verði bætt. Stjórn SASS áréttar nauðsyn ART verkefnisins og hvetur félags- og húsnæðismálaráðherra til að ganga strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

Stjórn SASS leggur ríka áherslu á að Alþingi hlutist til um að **Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi og Háskólafélags Suðurlands (HfSu)** fái viðbótarfjárveitingu á fjárlögum 2017 líkt og verið hefur síðustu ár en um eru að ræða **10 m.kr. til Fræðslunetsins og 5 m.kr. til HfSu.**

Árið 2013 voru byggð upp námsver í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Árið 2014 bættist Sveitarfélagið Hornafjörður við starfssvæði félaganna. Efling menntunar á miðsvæðinu hefur verið eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands og tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum hafa fjármagnað þessa þjónustu í Skaftafellssýslunum.

Starfshópur um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öræfa sem forsætisráðherra skipaði fyrir í haust lagði m.a. til að umræddar tímabundnar fjárveitingar félaganna verði gerðar varanlegar.

Stjórn SASS tekur undir með starfshópnum og skorar á fjárlaganefnd að taka af skarið og samþykkja þessar tillögur og koma þannig þessari mikilvægu nærþjónustu Skaftfellinga á varanlegan grundvöll.

Stjórn SASS lýsir yfir vonbrigðum með að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2017 séu lögð niður **fjárframlög til eflingar löggæslu í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi**. Um er að ræða lækkun sem nemur ríflega 10% heildar fjárheimilda lögreglunnar á Suðurlandi eða um **102 m.kr.** Umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi er mjög víðfermt. Þar eru vinsælustu ferðamannastaðir landsins í byggð og óbyggð. Fjárheimildir fyrri ára byggja á fjölgun ferðamanna og verulega aukinnar umferðar. Þegar litið er til umferðabunga og fjölgunar slysa er þessi niðurstaða með öllu óásættanleg enda skerðist verulega hvorutveggja, öryggi íbúa landshlutans og annarra vegfarenda.



Stjórn SASS mælir eindregið með að við meðför frumvarpsins á Alþingi verði bætt úr ofangreindum vanköntum.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

A handwritten signature in blue ink that reads 'Bjarni Guðmundsson'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri